

„Kristin að hálfu leyti.“

Nú eru Aldamót, sem um nokkur undanfarin ár voru aðal-
málgagn lúterska kyrkjufélagsins íslenzka, hætt að koma út.
Aftur hefir byrjað að koma út annað rit, er fyllir sæti Alda-
mótanna að öllu leyti, að því undanteknu, að það flytur enga
ritdóma um bækur er út koma á árinu. Þar eru engin „Lindi-
tré“ og engir „undir trjánnum“. Engin index librorum prohibi-
torum. Í stað þess er þingbók kyrkjufélagsins.

Þetta nýja rit heitir „Áramót“ og er það tröðfult af fyrir-
lesturum, prédikunum og fundagjörðum kyrkjuþingsins.

Ekki hefir Heimi verið sent rit þetta, en fyrir góð orð og
betaling hefir hann komist yfir eitt eintak. Þar sem það er
hans réttmæt eign, langar hann til að athuga það og fara um
það nokkrum orðum, að eins þetta eina eintak.

Aðal kjarni ritsins eru tvær ritgjörðir. „Hinir höltu“,
ræða eftir séra Fr. J. Bergmann, og „Helgi magri“ fyrirlestur
eftir séra Jón Bjarnason.

Auk þess er „Þingbók kyrkjufélagsins“ í engu frábrugðin
venjulegum íslenskum fundagjörðum, og „Merkjalínur“ fyrir-
lestur eftir séra Níels S. Þorláksson, óendanlega langt rugl og
leiðinlegt, út af hærrikritíkar deilunum og fleiru. Oss finnst
allur hugsanagangur fyrirlestursins vera líkastur viðvaningi sem
læra er að draga til stafs. Hann rissar út alt blaðið með ein-
tómum „línnum“ áður en hann kemur nokkrum læsilegum staf
á spáziuna.

Þá eru hinar tvær ritgjörðirnar. Fyrirlestur séra Jóns,
„Helgi magri“ gengur allur út á það, að sanna mönnum að
þjóð vor sé naumast hálf-kristin. Telur hann
þar margt til sönnunar því, svo sem ýmsar blaðagreinar, sem
birzt hafa á árinu í íslenzku blöðunum, ýmsar bækur, er út
hafa komið síðan um aldamót, og síðast fyrirhyggju þá, sem
þjóðin og helstu menn hennar hafa sýnt í því, að reyna að
bjarga sér, koma verzlun og fjármálum landsins í betra horf,
og nota ýmsar vísindalegar uppgötvanir til hagnýtingar fram-